

# Lög og reglugerðir um keppni á vegum LH

Útgáfa 2019

Kafli 2  
Agareglur



<b>2 AGAREGLUR</b>	<b>4</b>
<b>2.1 Almennar reglur</b>	<b>4</b>
<b>2.2 Siðareglur: Velferð hestsins</b>	<b>4</b>
2.2.1 Á öllum stigum undirbúnings og þjálfunar keppnishrossa skal velferð hrossins hafa forgang fram yfir allt annað	4
2.2.1.1 Góð meðferð hestsins	4
2.2.1.2 Þjálfunaraðferðir	4
2.2.1.3 Járningar og reiðtygi	4
2.2.1.4 Flutningur	4
2.2.1.5 Ferðalög	5
2.2.2 Hross og keppendur skulu vera í góðri þjálfun, hæf og við góða heilsu áður en þeir fá leyfi til að keppa	5
2.2.2.1 Þjálfun og hæfni	5
2.2.2.2 Heilbrigðisástand	5
2.2.2.3 Lyfjameðferð	5
2.2.2.4 Skurðaðgerðir	5
2.2.2.5 Fylfullar eða nýkastaðar hryssur	5
2.2.2.6 Misnotkun hjálpartækja	5
2.2.2.7 Blæðing	5
2.2.3 Keppni má ekki ógna velferð hestsins	5
2.2.3.1 Keppnissvæði	5
2.2.3.2 Undirlag	6
2.2.3.3 Óvenjulegt veður	6
2.2.3.4 Aðstaða fyrir hross á keppnisstað	6
2.2.3.5 Hæfi til flutnings	6
2.2.4 Allt kapp skal lagt á að vel sé farið með hross eftir hverja keppni og að meðferð að loknum keppnisferli sé góð (við hæfi)	6
2.2.4.1 Dýralæknismeðferð	6
2.2.4.2 Dýralæknismiðstöðvar	6
2.2.4.3 Slys í keppni	6
2.2.4.4 Aflífun	6
2.2.4.5 Hætt keppni	6
2.2.4.6 Menntun	6
<b>2.3 Siðareglur: Heiðarleg keppni og hestaíþróttir</b>	<b>7</b>
2.3.1 Ábyrgð keppenda, leiðbeinenda og þjálfara	7
2.3.2 Ábyrgð ráðandi samtaka (innlendra sem alþjóðlegra samtaka)	7
2.3.3 Ábyrgð dómara, starfsmanna, dýralækna og allra annarra embættismanna	8
2.3.4 Ábyrgð blaðamanna og annarra fjölmiðla	8
2.3.5 Ábyrgð áhorfenda	8
<b>2.4 Formáli</b>	<b>8</b>
<b>2.5 Heilbrigðisreglur</b>	<b>9</b>
<b>2.6 Lyfjanotkun</b>	<b>9</b>

<b>2.7</b>	<b>Andmæla- og agareglur</b>	<b>9</b>
2.7.1	Almennar grundvallarreglur	9
2.7.2	Almennar reglur	9
2.7.3	Kærur	10
2.7.4	Dæmt úr keppni og agaviðmið	11
2.7.4.1	Umfang	11
2.7.4.2	Skrá	11
2.7.4.3	Viðurlög	11
2.7.4.4	Dæmt úr leik og agareglur	11
<b>2.8</b>	<b>Íslenskar sérreglur</b>	<b>13</b>
2.8.1	Auglýsingar móta	13
2.8.2	Framkvæmdanefndir móta	13
2.8.3	Skipan yfirdómnefndar	13
2.8.4	Skipun dómara á mót	14
2.8.5	Verkefni framkvæmdanefndar	14
2.8.6	Keppnisröð	14
2.8.7	Verkefni yfirdómnefndar	14
2.8.8	Skyldur keppenda	14
2.8.9	Kærur	15
2.8.10	Skyldur dómara og starfsmanna	15
2.8.10.1	Starfsmenn	15
2.8.10.2	Dómarar	15
2.8.10.3	Yfirdómnefnd	16
2.8.11	Dómstólar ÍSÍ	16
2.8.12	Ferðalög erlendis	16

## 2 Agareglur

### 2.1 Almennar reglur

Leggja skal Fipo reglurnar til grundvallar við skipulagningu alþjóðlegra, innlendra og annarra viðburða sem varða íslenska hestinn. Fipo er einnig gilt á öllum heimsmeistarmótum íslenskra hesta.

Fipo reglurnar sem og hegðun allra persóna og annarra aðila sem með íslenska hestinn hafa að gera heyra einnig undir Siðareglur “the Fédération Equestre Internationale (FEI).”

### 2.2 Siðareglur<sup>1</sup>: Velferð hestsins

The Fédération Equestre Internationale (FEI) gera þær kröfur að allir þeir sem taka þátt í alþjóðlegum hestaíþróttum fari að siðareglum FEI og viðurkenni og virði öllum stundum að velferð hestsins skuli alltaf hafa forgang fram yfir keppnis- eða auglýsingakröfur.

#### 2.2.1 Á öllum stigum undirbúnings og þjálfunar keppnishrossa skal velferð hrossins hafa forgang fram yfir allt annað

##### 2.2.1.1 Góð meðferð hestsins

Hesthús, fóðrun og þjálfun skulu uppfylla kröfur um góða meðferð hrossa og mega ekki stefna velferð þeirra í tvísýnu. Allt sem orsakað getur andlegar eða líkamlegar þjáningar, í keppni eða utan hennar verður ekki liðið.

##### 2.2.1.2 Þjálfunaraðferðir

Hross skulu ekki vera þjálfuð á þann hátt að það stefni líkamlegri eða andlegri getu og/eða þroska í voða. Þjálfunaraðferðir sem misbjóða, valda ótta eða eru ekki við hæfi andlegs þroska hrossins, skulu ekki notaðar.

##### 2.2.1.3 Járningar og reiðtygi

Fótahirða og járningar skulu vera af bestu mögulegu gæðum. Reiðtygi skulu vera rétt hönnuð og henta hestinum til að minnka líkur á sársauka eða áverkum.

##### 2.2.1.4 Flutningur

Á meðan á flutningi stendur skal svo búið um hrossið að það sé varið gegn áverkum og annarri heilsufarslegri áhættu. Farartæki skulu vera örugg, með góðri loftræstingu, vel viðhaldið og af góðum gæðum. Þau skulu reglulega sótthreinsuð og ekið af hæfu fólki. Hæfir hestahirðar skulu ávallt vera til staðar til að hugsa um hestinn.

---

<sup>1</sup> Þessar siðareglur byggjast á siðareglum *Fédération Equestre Internationale* (FEI). FEI er alþjóðlegt stjórnvald hestaíþróttá, viðurkennt af hinni alþjóðlegu Olympíunefnd. FEI eru samtök sem semja reglur og reglugerðir um keppni á alþjóðlegum hestamótum í hindrunarstökki, fimikeppni, kerruakstri, fimleikum á hestum og þolkeppni. Þetta felur í sér eftirlit með viðhaldi heilsu og velferðar hestsins sem tekur þátt sem og virðingu fyrir grundvallaratriðum hestamennsku.

Þessum Siðareglum getur verið breytt af og til og athugasemdir til bóta eru vel þagnar. Sérstakur gaumur er gefinn nýjum rannsóknarniðurstöðum og FEI hvetur til allra rannsókna og kannana sem bætt geta velferð hestsins.

#### 2.2.1.5 Ferðalög

Öll ferðalög skulu skipulögð í hvívetna og séð til þess að hrossin hljóti reglulega hvíld með aðgangi að fóðri og vatni, samkvæmt FEI staðli.

### 2.2.2 Hross og keppendur skulu vera í góðri þjálfun, hæf og við góða heilsu áður en þeir fá leyfi til að keppa

#### 2.2.2.1 Þjálfun og hæfni

Þátttaka í keppni skal takmörkuð við vel þjálfuð hross og keppendur.

#### 2.2.2.2 Heilbrigðisástand

Hross sem sýnir einkenni sjúkdóma, helti eða önnur einkenni óheilbrigðis eða einkenni eldri þekktra áverka eða sjúkdóma skal ekki keppa eða fá að halda áfram keppni, stefni það velferð þess í tvísýnu. Álits dýralæknis skal óskað við hvert tækifæri, leiki nokkur vafi á.

#### 2.2.2.3 Lyfjameðferð

Misnotkun lyfja er alvarlegt velferðarmál og skal ekki viðgangast. Meðhöndli dýralæknir hross skal það fá viðeigandi tíma til að jafna sig fyrir keppni.

#### 2.2.2.4 Skurðaðgerðir

Allar skurðaðgerðir sem ógna velferð keppnishests eða öryggi annarra hrossa og /eða keppenda má ekki leyfa.

#### 2.2.2.5 Fylfullar eða nýkastaðar hryssur

Hryssur sem gengnar eru lengra en fjóra mánuði og hryssur sem folald gengur undir mega ekki keppa.

#### 2.2.2.6 Misnotkun hjálpartækja

Misnotkun hrossa með notkun náttúrulegra hvatninga eða annarra (t.d. píska, spora o.s.frv.) eru ekki liðnar.

#### 2.2.2.7 Blæðing

Þar sem velferð hrossins er ávallt í fyrirrúmi skal farið eftir eftirfarandi reglu: Um leið og dómari sér/gerir sér grein fyrir því að það blæðir úr hrossinu (e: active bleeding) á meðan á keppni stendur skal dómari þá þegar gefa rautt spjald (ekki dýralæknisspjald) og vísa hrossinu frá keppni.

### 2.2.3 Keppni má ekki ógna velferð hestsins

#### 2.2.3.1 Keppnissvæði

Hross skulu einungis þjálfuð eða keppa á hentugu og öruggu undirlagi.

Allar afmarkanir skulu hannaðar með öryggi hrossa í fyrirrúmi.

#### 2.2.3.2 Undirlag

Allt undirlag sem hrossin hlaupa á, eru þjálfuð á og keppa á, skal vera hannað og viðhaldið á þann hátt að hætta á áverkum og slysum sé í lágmarki. Hönnun, samsetning og viðhald yfirborðs skal veita sérstaka athygli.

#### 2.2.3.3 Óvenjulegt veður

Keppni skal ekki fara fram við það óvenjulegar veðuraðstæður að þær ógni öryggi eða velferð hrossins. Fari keppni fram við mikinn hita eða í miklum raka skal aðstaða til að kæla hrossin strax eftir keppni vera til staðar.

#### 2.2.3.4 Aðstaða fyrir hross á keppnisstað

Hesthús eða önnur aðstaða skal vera örugg, hrein, þægileg, vel loftræst og af réttri stærð fyrir stærð og gerð hrossins. Hrein, vönduð aðstaða, viðeigandi fóður, ferskt drykkjarvatn sem og rennandi vatn skal ávallt vera til staðar.

#### 2.2.3.5 Hæfi til flutnings

Eftir keppni er hrossið hæft til flutnings samkvæmt reglugerð FEI.

### 2.2.4 Allt kapp skal lagt á að vel sé farið með hross eftir hverja keppni og að meðferð að loknum keppnisferli sé góð (við hæfi)

#### 2.2.4.1 Dýralæknismeðferð

Dýralæknir skal ávallt vera tiltækur í keppni. Slasist eða uppgefist hross á meðan á keppni stendur skal knapi stíga af baki og dýralæknir skoða hrossið.

#### 2.2.4.2 Dýralæknismiðstöðvar

Hvenær sem þörf er á skal hross flutt til næstu viðeigandi dýralæknismiðstöðvar til frekari aðhlyningar og meðferðar. Slösuð hross skulu hljóta viðeigandi meðferð fyrir flutning.

#### 2.2.4.3 Slysi í keppni

Hvert atvik sem verður í keppni skal rannsaka. Undirlag, tíðni keppnisþáttöku og aðrir áhættuþættir skulu rannsakaðir ýtarlega til að reyna að finna leiðir til að minnka áhættu á slysum.

#### 2.2.4.4 Aflifun

Í því tilviki þar sem slys eru alvarleg getur verið þörf á að aflífa hrossið af dýralækni eins fljótt og unnt er af mannúðarástæðum og með það eitt að markmiði að koma í veg fyrir frekari þjáningar hestsins.

#### 2.2.4.5 Hætt keppni

Allt kapp skal lagt á að vel og mannúðlega sé farið með hross sem hætt hafa keppni.

#### 2.2.4.6 Menntun

FEI hvetur allt sem hafa með hestaþróttir að gera til að sækja sér alla mögulega menntun á sínu sérsviði, hvað varðar umönnun og meðferð keppnishross.

### 2.3 Siðareglur<sup>2</sup>: Heiðarleg keppni og hestaíþróttir

Hestaíþróttir, eins og aðrar íþróttagreinar, treysta mjög á trúverðugleika sinn, viðurkenningu almennings og afkomu yfirhöfuð varðandi viðurkenningu þeirra á íþróttamannslegri hegðun. Á bakvið þessa ímynd liggur sú hugmynd að besta keppandinn eða liðið skulu vinna á réttlátan hátt, eftir að hafa keppt á jafnréttisgrundvelli við sömu aðstæður og eftir reglum sem eru réttlátar, raunhæfar og settar af óaðfínanlegri hæfni og réttsýni. Engin úrslit hafa nokkra þýðingu né gildi ef þeim er ekki náð á jafnréttisgrundvelli.

Umbreyting þessara ímynda í raunhæfar kröfur krefst samstarfs allra sem á einhvern hátt taka þátt í keppni, þ.e. ekki einungs keppenda, starfsmanna, skipuleggjenda og samtaka, heldur einnig eigenda, þjálfara, áhorfenda og fjölmiðla. Hver þessara hópa hefur mikilvægur hlutverki að gegna við að bæta og styrkja ímynd og tilvist hestaíþróttar, með því að efla andann um sanngjarna keppni eins og hún er skilgreind í reglum og með því hagsmunir keppninnar og hestsins hafi öllum stundum forgang fram yfir allt annað. Nokkur atriði sem varða einstaka hópa eru skilgreind nánar hér að neðan.

#### 2.3.1 Ábyrgð keppenda, leiðbeinenda og þjálfara

Keppendur sjálfir bera mjög mikla ábyrgð við að kynna og standa vörð um sanngjarna keppni í sinni íþrótt. Þrátt fyrir ábyrgð annarra þá er það keppandinn sem fyrst og síðast getur á beinan hátt haft mest áhrif á það hvort keppni er sanngjörn eður ei með því að hafa skilning á þeim reglum sem varða keppni og að fara af trúverðuleika eftir þeim, hvort sem einhver sér til eður ei.

Þekktir keppendur verða að átta sig á hversu mikil áhrif þeirra fordæmi getur haft og viðurkenna ábyrgð sína sem fyrirmyndir. Þetta á við um gjörðir þeirra á hestinum sem og þegar hann er ekki á hestbaki, á upphitunarsvæði sem og á keppnisvellingum.

Leiðbeinendur og þjálfarar geta einnig haft áhrif á ímynd sanngjarnrar keppni og sett gott fordæmi með því að draga úr hugsanlegum virðingarskortum skjólstæðinga sinna fyrir reglunum og gert athugasemdir við hugsanlegar óviðeigandi gjörðir skjólstæðinga sinna. Leiðbeinendur hafa jafnmikil áhrif með fordæmi sínu og þeir hafa með tilsögn sinni.

#### 2.3.2 Ábyrgð ráðandi samtaka (innlendra sem alþjóðlegra samtaka)

Ráðandi samtök hestaíþróttar setja ekki einungis reglur heldur mennta einnig og útskrifa embættismenn, samþykkja dagsetningar og dagskrár stærri móta og eru oft efsta dómstig í þeim kærnumálum sem upp koma. Þau þurfa að sinna því verkefni sínu af kostgæfni, sjá til þess að reglur séu réttlátar, raunhæfar og að farið sé nákvæmlega eftir þeim af hæfu og rétt menntuðu starfsfólki. Þau þurfa einnig að gera allt sem mögulegt er til að bæta og efla gæði keppisgreina og stuðla að því að þær séu aðlaðandi fyrir bæði áhorfendur og keppendur og nota til þess það vald sem þau hafa. Að lokum skulu þau að hafa í huga að vanræksla eða lítilsvirðing við hugmyndir um sanngjarna keppni hefur áhrif bæði á íþróttina sem slíka sem og samtökin sem ábyrgð bera á framkvæmd hennar.

---

<sup>2</sup> Þessar siðareglur byggjast á siðareglum *Fédération Equestre Internationale* (FEI). FEI er alþjóðlegt stjórnvald hestaíþróttar, viðurkennt af hinni alþjóðlegu Olympíunefnd. FEI eru samtök sem semja reglur og reglugerðir um keppni á alþjóðlegum hestamótum í hindrunarstökki, fimikeppni, kerruakstri, fimleikum á hestum og þolkeppni. Þetta felur í sér eftirlit með viðhaldi heilsu og velferðar hestsins sem tekur þátt sem og virðingu fyrir grundvallaratriðum hestamennsku.

Þessum Siðareglum getur verið breytt af og til og athugasemdir til bóta eru vel þagnar. Sérstakur gaumur er gefinn nýjum rannsóknarniðurstöðum og FEI hvetur til allra rannsókna og kannana sem bætt geta velferði hestsins.

### 2.3.3 Ábyrgð dómara, starfsmanna, dýralækna og allra annarra embættismanna

Starfsmenn hafa mikið vald sem um leið leggur á herðar þeirra mikla ábyrgð. Hver sem einstök störf þeirra eru, þá eru þau ekki einungis metin eftir tæknilegri hæfni eða nákvæmri þekkingu á lögum og reglum, heldur einnig eftir dómgreind, sjálfsstjórn, sveigjanleika, sanngirni og heiðarleika. Að auki skulu allir starfsmenn gæta fyllsta hlutleysis og vera á verði gagnvart hlutdrægni í hvaða mynd sem vera skal. Í öllum vafatilfellum er ávallt skynsamlegra fyrir starfsmann að leita upplýsinga hjá þeim sem hugsanlega eiga í hlut heldur en að fylgja eftir hugsanlegum en órökstuddum grun.

### 2.3.4 Ábyrgð blaðamanna og annarra fjölmiðla

Fjölmiðlar hafa sín eigin viðmið um heiðarleika og trúnað og þurfa að vinna innan marka sem þeim eru sett af ritstjórum, útgefendum og framleiðendum. Þeir geta samt sem áður haft mikil áhrif á álit áhorfenda á sanngjarnri keppni með fréttum sínum og umfjöllun. Ekki síst með því að setja umfjöllunarefni sín í sanngjarnt og málefnalegt samhengi og að þeir séu á verði gagnvart því að einfalda um of eða ýkja sínar frásagnir.

### 2.3.5 Ábyrgð áhorfenda

Áhorfendur koma á hestamót sér til ánægju. Ekki er hægt að neita þeim um þann rétt að tjá skoðanir sínar. Samt sem áður ættu þeir af sanngirnisástæðum að gæta þess að hafa ekki áhrif á sýningar hrossa eða ákvarðanir dómara. Áhorfendur skulu forðast að trufla hesta í sýningu. Til dæmis að forðast snöggar hreyfingar, hávært klapp eða myndatökur með leifturljósi, sérstaklega við aðstæður þar sem áhorfendur eru í mikilli nálægð við keppendur.

## 2.4 Formáli

Allar persónur og aðilar (t.d. knapar, dómarar, mótshaldarar, aðrir starfsmenn móta, samtök) sem hafa með keppni eða aðrar uppákomur á íslenskum hestum að gera skulu koma fram á sanngjarnan og íþróttamannslega hátt hver við annan. Á sama hátt skal knapinn koma fram á sanngjarnan máta við hest sinn. Gengið skal út frá því að grundvallaratriði í alþjóðlega viðurkenndum reglum um dýravernd séu í heiðri hafðar og ávallt í fyrirrúmi.

Íslenski hesturinn er einstakt kyn með sérstaka kosti sem tengjast hinu upprunalega eðli hans. Honum skal ávallt sýnd viðeigandi virðing. Eftirfarandi reglur gilda ávallt: Náttúrulegu útliti hestsins má ekki breyta (t.d. eðlilegum lit og vexti hárs). Undantekning: tagl og fax má snyrta sé það of langt og hrossið má raka af heilsufars- og velferðarástæðum. Hár á snoppu, hófskegg og innan í eyrum skal ekki klippa. Knapinn skal taka tillit til sérstaks uppruna og þarfa íslenska hestsins og halda hann við eins náttúrulegar aðstæður og unnt er. Í því felst að sjá til þess að hesturinn hafi næga birtu, ferskt loft og rými til frjálsrar hreyfingar.

Breytingar á náttúrulegu útliti hestsins með gerviefnum eða sálfræðiaðferðum eru ekki leyfðar.

Við þjálfun hestsins skal ekki nota vélar, tæki eða tól til að hafa áhrif á hreyfingar eða útlit hans.

Undantekningar: notkun tækja og tóla sem eru almennt viðurkennd sem venjuleg séu þau notuð á viðurkenndan hátt. Notkun yfirdriffinna þynginga og teygjubanda á fætur er bönnuð.

Brot á ofangreindum reglum varða við agareglur. Leiki vafi á broti eða komi til ósamkomulags er dómur gerðardóms FEIF endanlegur (Skýring keppnisnefndar: Þ.e. uni menn ekki niðurstöðu íslenskra dómstóla er unnt að áfrýja).



## 2.5 Heilbrigðisreglur

Á mótum skal útnefna mótsdýralækni. Hann er ábyrgur fyrir góðu heilbrigði og heilsu þeirra íslensku hesta sem þátt taka.

Hestar sem taka þátt í móti fyrir íslenska hesta skulu vera lausir við smitsjúkdóma og skulu ekki koma frá stöðum þar fyrir eru smituð hross. Sönnun þess að reglum um bólusetningar samkvæmt dýralæknaeignum FEI hafi verið fylgt, skal leggja fram, sé farið fram á það.

Ef meirihluta dómara eða mótsdýralæknir sýnist hestur ekki vera í ástandi til að keppa (haltur, ekki í líkamlegu formi, undir áhrifum lyfja o.s.frv.) getur yfirdómari eða mótsdýralæknir fyrirskipað dýralæknisskoðun. Ákvörðun um áframhaldandi keppni hestsins er þá í höndum mótsdýralæknis. Ákvörðun hans verður ekki áfrýjað.

## 2.6 Lyfjanotkun

Núgildandi heilbrigðisreglur FEI um eftirlit með notkun óleyfilegra lyfja/efna, sýnataka vegna leitar að óleyfilegum efnum og dýralæknameðferð hrossa gilda.

Sýni til greiningar má taka úr öllum hestum (blóð, þvag, munnvatn). Séu niðurstöður leitar jákvæðar skal kostnaður greiddur af keppanda, séu þær neikvæðar ber mótshaldari kostnaðinn.

Mótshaldarar taka ákvörðun um framkvæmd lyfjaprófa. Í því tilfalli dregur yfirdómari hestinn úr hópi þeirra hesta sem til greina koma. Niðurstöður útdráttarins eru leynilegar. Strax eftir að úrslit eru ljós skal tilkynna hvaða hestur hafi verið dreginn út. Knapinn eða fulltrúi hans skal fara til sýnatöku strax og beðið er um.

Brjótí hestur/knapi ofangreindar reglur skal hann útilokaður frá keppni. Áfrýjunarréttur er enginn.

## 2.7 Andmæla- og agareglur

### 2.7.1 Almennar grundvallarreglur

1. Ákvarðanir teknar af aganefnd FEIF og agadómstól FEIF varðandi áfrýjanir og dóma eru endanlegir.
2. Að svo miklu leyti sem valdsvið hennar nær er ákvörðun yfirdómnefndar endanleg.
3. Enginn sá sem hefur einhver tengsl eða hefur einhverra hagsmuna að gæta, skal taka þátt í ákvarðanatöku varðandi agamál.

### 2.7.2 Almennar reglur

Á meðan á móti stendur skal yfirdómnefnd starfa og er hún skipuð eftirfarandi:

- Önnur mót
  - Vísað er í 2.8.3 í íslenskum sérreglum.
- Landsmót, Íslandsmót og World Ranking mót
  - Mótsstjóri eða fulltrúi hans, áður tilnefndur af honum
  - Meðlimur framkvæmdanefndar
  - Yfirdómari eða meðlimur dómarastarfsliðs, áður tilnefndur af honum
  - Formaður keppnisnefndar LH eða annar fulltrúi, áður tilnefndur af honum.

- Talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af virkum keppendum. Ef finna þarf staðgengil fulltrúa knapa tekur knapinn með næstflest atkvæði úr kosningunni hans sæti. Á sérstökum unglíngamótum skal það vera æskulýðsfulltrúi LH (formaður æskulýðsnefndar) eða annar fulltrúi áður tilnefndur af honum.
- Heimsmeistaramót (skipulagt af FEIF)
  - Framkvæmdastjóri mótsins eða fulltrúi áður tilnefndur af honum
  - Meðlimur framkvæmdanefndar
  - Yfirdómari eða meðlimur dómara starfsliðs, áður tilnefndur af honum
  - Sportfulltrúi FEIF eða áður tilnefndur meðlimur FEIF-sport nefndar
  - Talsmaður knapa, kosinn fyrir upphaf keppni af talsmönnum liðanna (einn úr hverju liði). Þurfi staðgengil talsmanns knapa verður knapinn með næstflestu atkvæði úr kosningunni talsmaður knapa.  
Tilnefndir varafulltrúar og meðlimir aganefndar mega einungis taka þátt í fundum aganefndar samkvæmt grundvallarreglum eða ef aðalfulltrúi kemst ekki á fundinn.

Agadómstóll er tilnefndur af fulltrúabingi FEIF til þriggja ára. Hann er skipaður einum fulltrúa dómara, sportfulltrúa FEIF, einum stjórnarmanni FEIF til viðbótar og tveimur fulltrúum til viðbótar. Formaðurinn verður að vera úr dómara stétt. Agadómstóll FEIF fer einungis með brot þar sem refsingin er útilokun frá keppni (sjá 2.7.4).

Agamál er flutt munnlega. Fundargerð er haldin sem skal innihalda að minnsta kosti: Nöfn meðlima aganefndar, stað og tíma fundar, aðila viðstadda, málefni og ákvarðanir nefndarinnar. Aganefndarfundir FEIF eru opnir. Þurfi nefndarmenn að ráða ráðum sínum fer það fram afsíðis. Ákvarðanir teknar af aganefnd eru ákvarðaðar með einföldum meirihluta. Falli atkvæði jöfn, hefur yfirdómari eða formaður nefndarinnar úrslitaatkvæði. Niðurstöður skulu afhentar málsaðilum strax skriflega. Niðurstöður skulu einnig sendar sportfulltrúa FEIF og verður hann að upplýsa fulltrúa þjóðar viðkomandi um ávitur eða keppnisbörn sem felast í dómi. Viðkomandi getur áfrýjað niðurstöðu aganefndar til agadómstóls innan tveggja vikna.

### 2.7.3 Kætur<sup>3</sup>

Hver sá sem telur sig órétti beittan vegna illa upp settrar tímatöflu eða vegna FIPO hefur rétt til að leggja inn kæru; hið sama gildir um alla dómara, skipuleggjanda eða mótsstjóra. Á HM hefur einnig hver liðsstjóri sérstakan rétt til kæra.

Kætur við ákvörðunum dómara geta einungis verið byggðar á því að reglur hafi verið brotnar eða brot gegn reglum um trúnað hafi átt sér stað.

Kæru þarf að leggja fram skriflega til framkvæmdanefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir lok hlutaðeigandi keppnisgreinar, ásamt tryggingu að upphæð kr. 20.000 eða jafnmikið í erlendri mynt. Kr. 15.000 af tryggingunni skal endurgreidd ef viðurkennt er að fullgildar ástæður séu fyrir kærnum.

Kætur vegna tímaplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar.

<sup>3</sup> Breytt á FEIF-þingi 2018

## 2.7.4 Dæmt úr keppni og agaviðmið

### 2.7.4.1 Umfang

Reglur varðandi það að menn séu dæmdir úr leik og agamálefni eru gildar fyrir allar uppákomur frá því að knapi og/eða hestur hans kemur inn á keppnissvæðið í fyrsta skipti þangað til knapi og hestur(hestar) hans fara af svæðinu í síðasta sinn. Landfræðilega eru þær gildar fyrir allt sem gerist á keppnissvæðinu. Ef annað telst ekki sérstaklega sannað eða augljóst er knapi ábyrgur fyrir hesti (hestum) sem hann tekur þátt í keppni með á einhvern hátt.

### 2.7.4.2 Skrá

FEIF heldur skrá yfir allar skýrslu um viðvaranir og keppnisbönn sem gefnar eru til FEIF, byggðar á agareglum lýst í þessum kafla. Viðvaranir og keppnisbönn eru gerðar opinberar á vefsíðu FEIF og fela í sér nafn knapa sem viðvörun eða keppnisbanni var beitt á, ásamt tíma, stað og eðli brots. Opinberun upplýsinga á sér einungis stað ef knapi er orðinn 18 ára eða eldri á fyrsta degi móts.

Viðvörun er birt í tvö ár.

Knapi sem fær nafn sitt birt þrisvar eða oftar í skrá FEIF yfir viðvaranir og keppnisbönn er ekki heimilt að taka þátt í neinum mótum í ákveðinn tíma, sem er ákvarðaður af dómstól FEIF, að lágmarki þrjú mánuðir en er að hámarki tvö ár. Á sama tímabili er nafn hans fjarlæggt af Heimslista FEIF. Keppnisbannið hefst við upphaf mótsins þar sem þriðja viðvörunin eða útilokunin var gefin út. Eftir aðstæðum er athugað hvort rétt sé að útiloka knapann sem hlut á að máli frá því móti.

### 2.7.4.3 Viðurlög

Eftirtalin viðurlög má nota ein sér eða einhver saman, séu reglur FIPO brotnar:

- Útilokun frá keppnisgrein
- Viðvörun sem ekki er gerð opinber
- Viðvörun sem gerð er opinber
- Útilokun frá móti
- Keppnisbann

Útilokun frá móti og keppnisbanni skal ávallt beita ásamt opinberri viðvörun.

### 2.7.4.4 Dæmt úr leik og agareglur

Brot á reglum þessum eru flokkuð og meðhöndluð samkvæmt töflu hér á eftir. Viðurlög eru sýnd með myndum þannig:

- ① Séð og gefið af dómara sem er við dómstörf á velli:
  - A.m.k. 2 rauð spjöld sýnd: dæmt úr leik úr keppnisgrein
  - A.m.k. 2 gul spjöld sýnd: Viðvörun, jafnvel gefin út opinberlega.Dómari getur sýnt rautt og gult spjald samtímis.
- ② Úrskurðað af yfirdómnefnd
- ③ Úrskurðað af agadómstól
- ④ Séð af dómara eða starfsmanni utan vallar
- ⑤ Úrskurðað á fundi dómara í lok móts

✓ Eingöngu eftir dýralæknisskoðun

BROT	Dæmt úr keppnisgrein	Viðvörðun – ekki gerð opinber	Viðvörðun – gerð opinber	Brottrekstur af móti	Keppnisbann
A) Knapi brýtur reglur við innkomu á völl, kveðju eða þegar völlur er yfirgefinn	1				
B) Íslensk sérregla: Geri knapi viljandi ógilt oftár en tvisvar sinnum á sama móti, skal árangur hans strikaður út og hann útilokaður frá frekari keppni.				1 eða 4	
C) Sjái dómari að það blæði úr hrossi á meðan á keppni stendur skal dómari þá þegar gefa rautt spjald og vísa hrossinu frá keppni. Sjá nánar í grein 2.2.2.7	1 eða 4				
D) Mæti knapi vísvitandi ekki í fótaskoðun skal hann dæmdur úr leik og allur árangur fram að því felldur niður.	1 eða 4			1 eða 4 eða 5	
E) Knapi fer af baki án leyfis, eða hestur sýnir áberandi kergju eða óhlýðni	1				
F) Knapi hunsar reglur í grein sem hann er að keppa í	1				
G) Brot á reglum um reiðtygi	1				
H) Ef einstaklingur kemur óorði á nafn samtaka og/eða keppni á íslenskum hestum		2	2	2	3
I) Ósanngjörn eða ruddaleg meðferð á hesti, á eða utan vallar	1 eða 4 + 2	1 eða 4 + 5	1 eða 4 + 5	1 eða 4 + 2	1 eða 4 + 3
J) Brot á siðareglum skv. kafla 2	1 eða 4 + 2	1 eða 4 + 5	1 eða 4 + 5	1 eða 4 + 2	1 eða 4 + 3
K) Keppt á hesti sem haldinn er smitandi sjúkdómi	1 eða 4 + 2 + ✓	1 eða 4 + 5 + ✓	1 eða 4 + 5 + ✓	1 eða 4 + 2 + ✓	1 eða 4 + 3 + ✓

L) Notkun efna sem geta haft áhrif á frammistöðu hests eða knapa	1 eða 4 + 2 + V	1 eða 4 + 5 + V	1 eða 4 + 5 + V	1 eða 4 + 2 + V	1 eða 4 + 3 + V
M) Blekking eða tilraun til blekkingar við skráningu eða þátttöku á móti, t.d. boðar ekki forföll	1 eða 4 + 2	1 eða 4 + 5	1 eða 4 + 5	1 eða 4 + 2	1 eða 4 + 3

## 2.8 Íslenskar sérreglur

### 2.8.1 Auglýsingar móta

Opin íþróttamót og keppni milli héraða skal auglýsa í fjölmiðlum með minnst eins mánaðar fyrirvara. Úrtökur fyrir Landsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara. Opinber innanhéraðsmót skal auglýsa með minnst 14 daga fyrirvara í fjölmiðli. Sé um mót að ræða, sem greiða þarf til þátttökugjald, skal þess getið í auglýsingunni og gjaldið fylgja þátttökutilkynningunni. Þá skal koma fram frestur til að tilkynna þátttöku og skal hann aldrei vera skemmri en 5 dagar. Innanfélagsmót skal auglýsa þannig að félagsmenn eigi almennt kost á að kynna sér efni auglýsingarinnar. Auglýsa skal innanfélagsmót með minnst tveggja daga fyrirvara. Verði af einhverjum ástæðum að fresta eða endurtaka keppni/mót, mega þeir einir keppa sem höfðu keppnisrétt, þegar keppnin/mótið átti að fara fram. Frestun eða framhald móts ber að auglýsa vandlega.

### 2.8.2 Framkvæmdanefndir móta<sup>4</sup>

Undirbúning móta annast framkvæmdanefnd (sjá þó sérreglur um Íslandsmót og Landsmót), sem stjórn eða stjórnir viðkomandi hestamannafélaga skipa. Framkvæmdanefnd semur dagskrá mótsins, ákveður skráningargjöld, annast auglýsingu móts, móttöku þátttökutilkynninga og sér um annan undirbúning. Framkvæmdanefnd ber ábyrgð á að nægjanlega margt starfsfólk sé til staðar. Framkvæmdanefnd skipar eftirtalda starfsmenn mótsins:

- **Mótsstjóra**, sem skipa skal um leið og framkvæmdanefnd. Hann annast allan undirbúning móts ásamt framkvæmdanefnd. Hann ber ábyrgð á því að mótið fari fram eftir auglýstri dagskrá. Mótsstjóri ber ábyrgð á að dómgögn séu til staðar ásamt riturum.
- **Vallastjóri**, sem annast verkstjórn á mótssvæði meðan á móti stendur og hefur umsjón með framkvæmd dagskrár, í samráði við mótsstjóra.
- **Þul**, sem kynnir dagskrárliði og kappkostar að mótshald gangi greiðlega fyrir sig.
- **Fóta- og reiðtygjaskoðunarmenn**, þeir starfa í umboði dómara.

### 2.8.3 Skipan yfirdómnefndar

Yfirdómari, mótsstjóri og fulltrúi knapa mynda yfirdómnefnd. Yfirdómari er formaður hennar.

<sup>4</sup> Breytt á landsþingi LH 2018

#### **2.8.4 Skipun dómara á mót**

Mótshaldarar verða að sækja um gæðinga- og íþróttadómara til stjórna dómarafélaga LH til að móttin séu lögleg og fái skráningu í Sportfeng. Sækja skal um dómara 4 vikum fyrir upphaf móts. Bera dómara nefnd og dómarafélögin ábyrgð á að manna öll lögleg mót sem haldin eru. Dómara nefnd og félögunum ber að vera í sambandi við mótshaldara og ber dómurum að tilkynna forföll til dómarafélaganna.

#### **2.8.5 Verkefni framkvæmdanefndar**

Framkvæmdanefnd skal sjá um útgáfu mótsskrár, sem sé tilbúin a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir upphaf móts. Í mótsskrá skal koma fram a.m.k. nafn keppanda og félags hans, nafn, litur og aldur hests, ásamt öðrum upplýsingum sem framkvæmdanefnd óskar. Framkvæmdanefnd skal sjá um að keppendur gefi umbeðnar upplýsingar þegar við skráningu.

#### **2.8.6 Keppnisröð**

Strax að lokinni skráningu keppenda skal keppnisröð þeirra ákveðin með útdrætti. Keppendum eða fulltrúum þeirra er heimilt að vera viðstaddir útdráttinn.

#### **2.8.7 Verkefni yfirdómnefndar**

Yfirdómnefnd ábyrgist að mót fari fram eftir lögum og reglum LH og ÍSÍ. Hún veitir áminningar, sýnir mönnum gul eða rauð spjöld, eftir atvikum, og vísar mönnum úr keppni, sé þess þörf. Yfirdómnefnd sendir aganefnd LH skýrslu að móti loknu. Einnig skal senda inn kærur til nefndarinnar eigi síðar en 48 klst. eftir mótslok.

#### **2.8.8 Skyldur keppenda**

Óheimilt er að skrá keppanda á mót gegn vilja hans. Rétt til að bera fram kæru hefur yfirdómnefnd og skráður keppandi.

Ef keppandi er uppvís að því að lítilsvirða mótshald með því að mæta ekki til leiks, án þess að tilkynna forföll með löglegum hætti, jafngildir það rauðu spjaldi. Rétt til að bera fram kæru hefur yfirdómnefnd/framkvæmdanefnd.

Sýni keppandi móti óvirðingu svo sem með því að mæta ekki í úrslit keppnisgreinar án fullgildrar ástæðu, skal hann útilokaður frá verðlaunasæti, þ.e. hann hlýtur ekkert sæti í úrslitum og árangur hans á viðkomandi móti skal strikaður út. Jafngildir það rauðu spjaldi. Rétt til að bera fram kæru hefur yfirdómnefnd.

Yfirdómnefnd móts ber að skera úr um hvort fjarvistir keppenda séu fullgildar.

Sjái yfirdómnefnd ástæðu til að kalla börn eða unglunga fyrir sig, vegna meintra agabrota, skal hún jafnframt kalla til sín foreldra eða forráðamann viðkomandi, þeim til halds og trausts.

Reyni keppandi að blekkja starfsmann móts eða óhlýðnast fyrir mælum sem hann gefur, stöðu sinnar samkvæmt, skal hann sæta refsingu. Sýna skal honum gult eða rautt spjald, eftir eðli brotsins. Rétt til að bera fram kæru hefur starfsmaður sá sem misgjört var við.

Komi keppandi ósæmilega fram við eða ögri starfsmanni meðan á móti eða sýningu stendur eða síðar, sökum atvika sem þar gerðust, skal hann sæta refsingu. Sýna skal honum gult eða rautt spjald eftir eðli brots, verði því við komið. Rétt til að bera fram kæru hefur starfsmaður sá sem misgert var við.

Óheimilt er að taka þátt í keppni eða sýningu með eða undir forsjá aðila, félags eða einstaklings, sem úrskurðaður hefur verið óhlutgengur samkvæmt reglum LH, ÍSÍ eða FEIF. Brot gegn ákvæði þessu varðar keppnisbanni, samkvæmt nánari ákvörðun aganefndar LH. Rétt til að bera fram kæru hefur LH eða íþróttadeildir.

Keppendum er óheimilt að vera undir áhrifum áfengis. Leiki grunur á að svo sé (áberandi vínlykt), þó ekki séu tók á að færa fullar sannanir fram að lögum fyrir ölvun, skal yfirdómnefnd koma saman og ákvarða hvort og hvernig refsing skuli háttað:

- Reynist yfirdómnefnd sammála um að kvörtun eigi ekki við rök að styðjast, fellur málið niður.
- Reynist einn yfirdómnefndarmaður álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda án spjalds.
- Reynist tveir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal áminna keppanda og sýna honum gult spjald.
- Reynist allir yfirdómnefndarmenn álíta að um brot sé að ræða, skal sýna keppanda rautt spjald, honum umsvifalaust vikið úr keppni og árangur hans felldur niður.

Rétt til að bera fram kæru til yfirdómnefndar hafa keppendur og starfsmenn móta. Starfsmönnum ber að koma kærum sínum umsvifalaust til yfirdómnefndar.

### **2.8.9 Kæurur**

Kæurur geta einungis þátttakendur, starfsmenn og dómara borið fram, en þó ekki síðar en hálf tíma eftir mótslok. Kærum skal beina til yfirdómnefndar. Yfirdómnefnd úrskurðar um meðferð kæra strax og þær koma fram. Taki hún kæurur til greina, skal kalla hlutaðeigandi aðila fyrir og heyra málsbætur. Yfirdómnefnd kveður strax upp úrskurð sinn í samræmi við 2.8.7. grein agalaga LH.

Kæurur þarf að leggja fram skriflega til yfirdómnefndar í síðasta lagi hálf tíma eftir mótslok, ásamt tryggingu að upphæð kr. 5000 eða jafnmikið í erlendri mynt.

Kæurur vegna tímaplans eða framkvæmd keppnisgreinar þarf að leggja fram fyrir upphaf móts eða viðeigandi greinar. Tryggingin er endurgreidd ef viðurkennt er að fullgildar ástæður séu fyrir kærunum.

### **2.8.10 Skyldur dómara og starfsmanna**

Dómarar og starfsmenn móta skulu jafnan koma til starfa það tímanlega, að þeir geti gengið úr skugga um að allur útbúnaður sé löglegur.

#### **2.8.10.1 Starfsmenn**

Starfsmenn móta skulu koma fram af fyllstu kurteisi. Sýni starfsmaður móts vítaverða framkomu gagnvart keppendum eða áhorfendum, hefur yfirdómnefnd heimild til að víkja honum frá störfum.

#### **2.8.10.2 Dómarar**

Dómarar, sem án gildrar ástæðu, mæta ekki til starfa og tilkynna ekki forföll, eiga á hættu að missa dómara réttindin í allt að sex mánuði. Sama gildir og ef dómari sýnir vítaverða framkomu gagnvart keppendum, starfsmönnum eða áhorfendum. Dómarar skulu tilkynna forföll með a.m.k. 3 sólarhringa fyrirvara til dómara félaganna.

### 2.8.10.3 Yfirdómnefnd

Gerist aðilar brotlegir við lög og reglugerðir LH og ÍSÍ á mótum, skal yfirdómnefnd beita viðurlögum samkvæmt grein þessari. Yfirdómnefnd kveður upp úrskurð með því að:

- a) fella málið niður.
- b) veita hlutaðeigandi aðvörun án spjalds.
- c) veita áminningu með gulu spjaldi.
- d) sýna hlutaðeigandi rautt spjald og vísa honum frá keppni.

Yfirdómnefnd er heimilt að fella niður árangur þegar keppanda er vísað úr keppni. Hún sendir skýrslu til aganefndar LH, og hefur heimild til að kæra brot til nefndarinnar, telji hún þörf á því. Þar með hefur yfirdómnefndin lokið störfum.

### 2.8.11 Dómstólar ÍSÍ

Dómstólar ÍSÍ skulu beita hlutaðeigandi einstakling refsingum verði hann uppvís að:

- Bera yfirvald, einstaklinga eða félög innan LH röngum sökum, á opinberum vettvangi, eða kæra þau að ástæðulausu.
- Blekkja eða reyna að blekkja yfirvald innan LH með röngum skýrslum eða villandi upplýsingum.
- Koma ósæmilega fram við, ögra, eða hafa í hótunum við yfirvald innan LH, vegna atvika sem standa í sambandi við trúnaðarstörf yfirvalds fyrir LH.

Rétt til að bera fram kæru vegna brots á ofangreindum liðum, hafa aðeins þau yfirvöld eða einstaklingar sem misgert er við, auk LH.

### 2.8.12 Ferðalög erlendis

Þegar um er að ræða keppendur í hestaíþróttum sem mynda íþróttaflokka, skulu þeir á ferðum sínum, innanlands og utan, fara eftir reglum LH um ferðalög. Knapar, jafnt íþróttá- sem kynbótaknarpar, starfsmenn og þjálfarar sem ferðast á vegum LH í keppnisferðum innanlands og erlendis skulu allir hlíta sömu reglum varðandi agabrot.